

Miðvikudaginn 8. október 1980.

Nr. 180/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Halldóri Sævari Kristjánssyni

(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra um brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Frásögn ákærða um það, að einhver annar en hann hafi ekið bifreið hans að kvöldi hins 30. nóvember 1977 er að vísu með nokkrum ólíkindum. En þótt líkur bendi til, að ákærði hafi sjálfur ekið bifreiðinni, er ekki loku fyrir það skotið, að einhver annar hafi verið þar að verki. Verður ákærði gegn neitun sinni ekki sakfelldur fyrir að hafa ekið bifreiðinni umrætt kvöld undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna hann af kröfum ákærvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Það athugast, að ekki verður séð, að önnur gögn málsins en ákæra hafi verið borin undir ákærða, er hann kom fyrir sakadóm hinn 13. september 1978, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Sævar Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málfutningslaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kristján Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Benedikt Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Atvik málsins eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Þegar ákærði var yfirheyrður af lögregluvarðstjóra 1. desember 1977, kl. 0015, neitaði hann að hafa ekið bifreið, en vildi ekki svara ýmsum spurningum varðstjórans. Er lögreglumaður yfirheyrði ákærða kl. 1600 sama dag, neitaði hann að tjá sig um málið, og sömu svör komu af hans hendi við skýrslutöku kl. 2035 þennan dag. Fyrir sakadómi Reykjavíkur 13. september 1978 skýrði ákærði frá því, að „gamall drykkjubróðir sinn. . . sjómaður að atvinnu“ hefði ekið bifreiðinni R 48542 kvöldið 30. nóvember 1977. Frekari deili vissi hann ekki á manni þessum. Frásögn þessi er með ólíkindum. Þegar þessa er gætt og þess, að ákærði neitaði að svara spurningum lögreglumanna 1. desember 1977 og gat þá ekki um ökumann þennan, þykja atvik máls þessa, sem í héraðsdómj eru rakin, veita næga sönnun fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Brot ákærða er réttilega heimfært til lagaákvæða.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda ber að staðfesta.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Ég er sammála athugasemdum meiri hluta dómenda um rannsókn máls þessa.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 30. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktadóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 502/1978: Ákærvaldið gegn Halldóri Sævari Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 7. mars 1978, gegn ákærða, „Halldóri Sævari Kristjánssyni, Laugarnes-

vegi 61, Reykjavík, fæddum 26. september 1941 í Keflavík, fyrir að aka að kvöldi miðvikudagsins 30. nóvember 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 48542 um götur Reykjavíkur, en akstri lauk á Bústaðavegi við Grímsbæ, þar sem lögreglan hafði afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 30. nóvember 1977, kl. 2350, var leitað aðstoðar lögreglu vegna bifreiðarinnar R 48532, þar sem hún stóð í stæði SVR á Bústaðavegi við Grímsbæ. Á staðinn fóru 3 lögreglumenn, og sat ákærði í máli þessu, Halldór Sævar Kristjánsson, undir stýri bifreiðarinnar.

Ákærði var eigandi bifreiðarinnar.

Ákærði var talsvert ölvaður.

Bifreiðin var ekki í gangi, en vél hennar reyndist vera heit. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni.

Ákærði var síðan fluttur á aðallögreglustöð, þar sem hann var færður fyrir varðstjóra. Aðspurður kvaðst ákærði þá ekki hafa ekið bifreiðinni, og neitaði ákærði að svara frekari spurningum. Var hann því næst fluttur í slysadeild Borgarspítalans til blóðsýnistöku og að því loknu í fangageymslu. Fimmtudaginn 1. des., kl. 1600, var ákærði tekinn til yfirheyrslu af Herði Jóhannessyni aðstoðarvarðstjóra.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um kæruefnið, og lauk yfirheyrslu við svo búíð.

Kl. 2035 sama dag er ákærði enn tekinn til yfirheyrslu. Ákærði ítrekaði aðeins fyrri orð sín um, að hann vildi ekkert um mál þetta ræða. Var ákærði síðan látinn laus.

Hinn 13. sept. 1978 kom ákærði fyrir dóm.

Ákærði neitaði sakargiftum og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni R 48542 umrætt kvöld. Ákærði kvaðst hafa verið sofandi undir stýri bifreiðarinnar, þar sem hún var kyrrstæð í stæði SVR við Grímsbæ við Bústaðaveg, er lögregluna bar að.

Ákærði kvaðst hafa verið við drykkju í bifreiðinni og setið við

hlið bifreiðarstjórans. Ákærði kvaðst ekki vita nafn hans, en hann hefði ekið bifreiðinni þetta kvöld fyrir sig frá heimili sínu að Laugarnesvegi 61 og upp í Breiðholt og Árbæ og víðar um borgina.

Ákærði kvað bifreiðarstjóran hafa verið orðinn þreyttan á ákærða og því hafi hann yfirgefið bifreiðina við Grímsbæ og hent lykklunum í ákærða.

Kvaðst ákærði hafa fært sig yfir í bifreiðarstjórásætið til að komast betur að útvarpi bifreiðarinnar, þar sem hægara væri um vik að ná til þess þaðan.

Ákærði kvaðst ekki kunna önnur deili á umræddum bifreiðarstjóra önnur en þau, að hann væri „gamall drykkjubróðir“ og sjómaður að atvinnu.

Kvaðst hann ekki vita, hvar maður þessi byggi né hvað hann starfaði nú.

Ákærði neitaði að hafa vðurkennt fyrir lögreglumönnum þeim, er höfðu tal af honum á vettvangi, að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn.

Verður nú greint frá framburði vitna fyrir dómi.

Vitnið Ómar Gaukur Jónsson lögregluþjónn kvaðst minnst þessa atviks. Það kvaðst hafa verið í lögreglubifreið ásamt Steindóri Gunnarssyni og þriðja lögregluþjóni umrætt sinn.

Vitnið kvað þá hafa ekið um Bústaðaveg og orðið vara við bifreið ákærða við biðstöð SVR á syðri akrein Bústaðavegar við Grímsbæ.

Vitnið minnti, að strætisvagnabifreiðarstjóri hefði tilkynnt um bifreið ákærða og þeir farið á vettvang. Vitnið kvað ákærða hafa verið sofandi undir stýri bifreiðarinnar og hafi hann verið talsvert drukkinn. Bifreiðin hafi ekki verið í gangi, en vél hennar verið heit viðkomu. Vitnið minntist þess ekki, að það né hinir lögregluþjónarnir hafi haft tal af ákærða á vettvangi, en ástand ákærða hafi verið slíkt, að styðja hefði þurft hann, til þess að hann kæmist inn í lögreglubifreiðina.

Vitnið kvaðst hafa ekið bifreið ákærða af vettvangi og því eigi vitað, hvað fór milli ákærða og hinna lögregluþjónanna á leiðinni að lögreglustöðinni.

Vitnið Steindór Gunnarsson, lögregluþjónn kvaðst hafa verið staddur í lögreglubifreið, er tilkynning hafi borist frá strætisvagnastjóra í gegnum fjarskipti lögreglunnar um bifreið ákærða, er stæði á umræddum stað.

Vitnið kvað ákærða hafa verið sofandi undir stýri bifreiðarinnar og að bifreiðin hafi ekki verið í gangi, en vél hennar heit. Lykla bifreiðarinnar kvað vitnið hafa verið í vasa ákærða.

Vitnið kvað umræddan strætisvagnastjóra hafa verið á staðnum, er þeir lögreglumennirnir komu að, en það viti ekki, hver þessi bifreiðarstjóri sé.

Vitnið minntist þess ekki að hafa spurt ákærða á vettvangi, hvort hann hefði ekið bifreiðinni, en vitnið taldi hugsanlegt, að ákærði hefði sagt eitthvað í þá áttina á vettvangi. Vitnið minntist þess ekki, hvort strætisvagnastjórinn hafi haft orð á því, hvort hann hefði séð ákærða aka bifreiðinni eða ekki.

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dóminum sem rétta og kannaðist við undirskrift sína.

Vitnið Óli Kristinn Björnsson lögregluþjónn kvaðst minnst þessa atburðar. Það kvað aðdraganda málsins vera á þann hátt sem áður er greint, en kvaðst þá ekki minnst þess, hvort það hafi verið strætisvagnastjóri eða einhver annar, er tilkynnti um bifreið ákærða. Vitnið kvaðst hafa gengið úr skugga um, að vél bifreiðar ákærða væri heit.

Vitnið kvaðst minnst þess, að ákærði hafi verið spurður á vettvangi af einhverjum þeirra lögreglumannanna, hvort hann hefði verið að aka bifreiðinni, en vitnið kvaðst ekki minnst þess, hverju ákærði svaraði.

Vitnið kvaðst halda, að einn lögregluþjónanna hafi fundið lyklna í bifreiðinni.

Við rannsókn málsins tókst ekki að hafa upp á þeim, er tilkynnti lögreglunni um bifreið ákærða umrætt sinn.

Samkvæmt niðurstöðu blóðflokkarannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2.69‰.

Niðurstöður.

Svo sem fram hefur komið í framburði ákærða og þriggja lögregluþjóna fyrir dómi, sat ákærði ölvaður undir stýri bifreiðar sinnar, er lögreglumennina bar að. Vél bifreiðarinnar var heit viðkomu samkvæmt framburði ofangreindra lögreglumanna. Ákærði var einn í bifreiðinni. Í skýrslu lögreglunnar segir, að ákærði hafi aðspurður á vettvangi svarað því til, að hann hefði ekið bifreiðinni. Þegar ákærði var færður fyrir varðstjóða skömmu síðar, neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni og neitaði jafnframt að tjá sig frekar um málið.

Er ákærði kom fyrir dóm þann 13. september sl., neitaði hann enn sakargiftum, en hélt því nú fram, að annar maður hefði ekið

bifreiðinni. Ákærði gat enga grein gert fyrir manni þessum, þrátt fyrir það að hann nefndi hann „gamlan drykkjubróður“.

Skýring ákærða á því, hvers vegna hann sat undir stýri bifreiðarinnar, er mjög ósennileg svo og frásögn hans af ofangreindum manni, er ákærði kveður, að hafi ekið bifreiðinni greint sinn.

Þegar litið er til þessa svo og niðurstöður alkóhólranssóknar, þykir mega telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða hefur hann frá árinu 1960 7 sinnum verið dæmdur eða gengist undir dómssátt vegna brota á umferðarlögum, þar af þrívægis vegna ölvunar við akstur.

Með dómi, uppkveðnum þann 11. nóvember 1975, var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 11. júní 1974, en veitt ökuréttindi á ný þann 22. júlí 1977.

Framangreindur dómur hefur íterkunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um skv. 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt, kr. 150.000, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Sævar Kristjánsson, greiði kr. 150.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.